

Ed.

612. Nefndarálit

[70. mál]

um frumvarp til lyfsölulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar ásamt öðru frumvarpi um sama efni (frumvarp til lyfjalaga, 71. mál).

Það er samhljóða álit nefndarinnar, að ekki verði komið hjá því að setja sem fyrst lög um lyfjasölu, en nefndin telur málið hins vegar ekki vera þess eðlis, að þingnefnd geti nú samræmt þau tvö frumvörp, sem fyrir liggja. Fyrir því leggur nefndin til, að frumvarpið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa frumvarp um lyfjasölu og leggi það fyrir næsta þing, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða málið að þessu sinni, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. febrúar 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
form., frsm.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

H. Guðmundsson.

Gísli Jónsson.

F. R. Valdimarsson.